

Ávarp Linda Lea Bogadóttir Ólafsfirði 26. nóvember 2016

Kæru Ólafsfirðingar

Í nafni bæjarstjórnar/markaðs og menningarnefndar býð ég ykkur velkomin.

Á þessum fallega degi á aðventu fögnum við því að jólahátíðin er framundan. Við hittumst hér í Ólafsfirði með táknrænum, en um leið með hefðbundnum hætti til þess að kveikja ljósin á þessu fallega jólatré sem óx úr grasi, í orðsins fyllstu merkingu, í Kjarnaskógi í Eyjafirði og er nú hingað komið til að vera með okkur á jölunum.

Hér í Ólafsfirði finnur maður jólaandann svífa yfir vötnum.

Það er yndislegt að koma hingað og finnst maður vera loksins búinn að finna hinn eina sanna jólabæ. Nú tala ég hér sem nýbúi í bæjarfélaginu og oft er sagt að glöggst sé gests augað. Ég er að upplifa aðventuna hér í fyrsta sinn og verð að segja að það fyllti mig gleði og ég fann jólaandann koma yfir mig þegar ég sá alla ljósadýrðina þegar ég keyrði í gegnum Ólafsfjörð í síðustu viku. Þið kunið svo sannarlega að skapa hinn sanna jólaanda Ólafsfirðingar.

Öll þekkjum við hvernig andrúmsloftið og við sjálf breytumst á þessum árstíma, hugsum við ekki meira um náungann, kærleikann og erum við ekki tilbúnari til þess að láta eitthvað gott af okkur leiða. Ég efast ekki um að flest okkar hugsum þannig allt árið um kring en kannski hugsum við öðruvísi og meira inn á við á aðventunni og yfir jólin.

Alltaf er gott að hugleiða hver sé hin raunverulegi tilgangur aðventunnar og jólanna, hvað það er sem gerir aðventuna og jólin svona sérstaka í hugum okkar. Þegar maður horfir til baka þá eru það ekki gjafirnar eða maturinn sem sitja eftir, heldur eru það samveran og kærleikurinn sem skiptir mestu máli. Jólin eru tími samkenndar, samhjálpár og kærleika.

Hugsum því vel um hvert annað.

Jólin eru besti tíminn til þess að gera góðverk því það gefur okkur lífsfyllingu og gleði að geta rétt hjálparhönd til þeirra sem þurfa á því að halda - Að lýsa upp tilveru einhvers sem þarf á ljósi að halda. Nýtum þessar aðstæður og tökum utan um vini okkar, látum kærleikann flæða hindrunarlaust og framkvæmum það góða sem býr í hjarta okkar.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa komið að því að gera þessa stund svo ánægjulega. Kirkjukór Ólafsfjarðar fær góðar þakkir fyrir fallegan söng, ykkur börnum leikskólans Leikhóla og tónlistarskóla þökkum við kærlega fyrir að syngja fyrir okkur falleg jólalög.

Við erum svo lánsöm að njóta stuðnings Skíðafélags Ólafsfjarðar sem býður uppá heitt súkkulaði hér í einu af jólahúsum, þökkum starfsmönnum áhaldahúss fyrir að hafa sótt þetta fallega té og setja það upp. Nú svo er auðvitað jólamarkaðurinn hér í Tjarnarborg opinn til kl. 16:30 í dag.

Við sendum bestu jólakveðjur héðan úr Fjallabyggð til þeirra bæjarbúa sem ekki eiga þess kost að vera með okkur.

Kæru bæjarbúar ég þakka ykkur öllum fyrir að koma til þess að vera viðstödd þessa hátíðlegu samverustund.

Hann Kjartan mun nú tendra ljósin á jólatrénu.

Gleðilega aðventu- og jólahátíð.